

RÍKISÚTVARPIÐ

Ríkisútvarpið¹ ohf. (skammstafað RÚV) er opinbert hlutafélag. Það hóf göngu sína árið 1930 og sér um útsendingar á útvarpi og sjónvarpi. Árið 1985 var einkaleyfi Ríkisútvarpsins afnumið. Fyrsta einkarekna útvarpsstöðin, Bylgjan, tók skömmu síðar til starfa og síðan þá hefur útvarpsstöðvum fjölgað jafnt og þétt. Ríkisútvarpinu var breytt í opinbert hlutafélag með lögum sem sett voru 23. janúar 2007.



Ríkisútvarpið er útvarp allra landsmanna. Meginmarkmið þess er að upplýsa, fræða og skemmta. Þetta þríþætta hlutverk kemur fram í áherslum í fréttum, menningarefni og afþreyingu í útvarpi, sjónvarpi og öðrum miðlum.

MARKMIÐ

Meginmarkmið Ríkisútvarpsins eru samkvæmt útvarpslögum:

- Að vera vettvangur og hvati lýðræðislegrar umræðu
- Að endurspeglja íslenska menningu og stuðla að varðveislu tungunnar
- Að upplýsa og fræða landsmenn um íslensk og erlend málefni
- Að vera vettvangur fyrir nýsköpun í dagskrárgerð
- Að efla dagskrárgerð utan höfuðborgarsvæðisins
- Að tryggja öfluga dreifingu dagskrárefnis
- Að varðveita dagskrárefni fyrir komandi kynslóðir
- Að standa vörð um öryggishlutverk sitt

Heimild: Vefsíða Ríkisútvarpsins. <http://www.ruv.is>. Skoðað 31. júlí 2016.

ÚTVARPSSTÖÐVAR

Stöð	Tíðni	Eigandi
1. Bylgjan _____	98,9	365 miðlar
2. FM 957 _____	95,7	365 miðlar
3. Gull Bylgjan _____	90,9	365 miðlar
4. Léttbylgjan _____	96,7	365 miðlar
5. Lindin _____	102,9	Lindin fjölmiðlun
6. Rás 1 _____	93,5	RÚV
7. Rás 2 _____	90,1	RÚV
8. Rondó _____	87,7	RÚV og Háskóli Íslands
9. Útvarp Latibær _____	102,2	Lazy Town Entertainment
10. X-ið _____	97,7	365 ljósvakamiðlar



¹ RÚV2 er aukarás Ríkisútvarpsins og viðburðasjónvarpsstöð. Ekki er boðið upp á samfellda dagskrá, heldur er stöðin nýtt sem viðbót við aðalrás Ríkisútvarpsins.